

Fræðslu- og forvarnaráætlun

Sjálundsskóla og Klakans

Félagsmiðstöðin Klakinn ásamt Sjálundsskóla stenda fyrir markvissu fræðslu-, forvarnar- og leitarstarfi og beitir fjölbreyttum aðferðum til að auka líkur á árangri. Forvarnarstarf Klakans og Sjálundsskóla fer fram með ýmsum hætti bæði á skólatíma og utan hans.

Hér kemur áætlun skólaársins 2019-2020

Forvarnarvika: Forvarnarvika Garðabæjar verður í október 2019. Áhersla verður á samveru, vináttu, fjölskyldu og tengsl. Áhersla var lögð á samvinnuleiki innan bekkja og tóku allir nemendur þátt í sameiginlegu verkefni skólans þar sem nemendur rituðu mikilvægan eiginleika í vináttu á gullpeninga sem þau settu í fjársjóðskistu.

Unglingastig

Krabbameinsfélagið: Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins verður með fræðslu fyrir 10. bekk um rafsígarettur.

- 10. bekkur

Blátt áfram: Starfsmenn Blátt áfram mæta einu sinni yfir veturinn og ræða við unglunga í 8. bekk um sjálfsvirðingu og hvað gera skal ef einstaklingur hefur lent í kynferðislegu ofbeldi. Boðið er upp á foreldrafræðslu í kjölfarið fyrir foreldra nemenda í 8. bekk. Einnig koma starfsmenn og sýna brúðuleikhúsið Krakkarnir í hverfinu fyrir 2. bekk sem ætluð er til að auðvelda börnum að segja frá kynferðisofbeldi sem þau verða fyrir.

- 2. bekkur
- 8. bekkur
- Foreldrafræðsla f. foreldra í 8. bekk

Forvarnir / vímuefni:

Forvarnarfræðslan: Fíkniefnafræðsla – um möguleg skaðsemi vímuefna.

- 9. og 10. bekkur
- Foreldrafundur fyrir 9. og 10. bekk

Ég á bara eitt líf

Hugrún – geðheilbrigðismál:

- Unglingadeild

Jón R. Jónsson – rafrettu fræðsla

- 8. bekkur

Sjálfsmynd og kynheilbrigði – Stína, hjá Eldmóður markþjálfun kom og talaði opinskátt við unglingsmenn um eigin reynslu á unglingsárnum sem hafði slæm áhrif á ákvarðanatöku hennar, sjálfsmynd og kynheilbrigði. Hún fjallaði um brenglaðar staðalímyndir og þrýsting frá jafnöldrum og náði að flétta þær vel inn í frásögn sína af eigin reynsluheimi. Hún náði unglingsmennum alveg og tóku þeir virkan þátt í tímanum með því að senda inn nafnlausar spurningar og svara spurningalista sem var svo notaður í umræður í lokin.

- 9. bekkur

SAFT.IS - bara 1 like í viðbót - Óli Örn Atlason: Farið yfir helstu samfélagsmiðla - Facebook, Snapchat, Instagram, nafnlausu spjöllin, hvað unglingsmenn setja inn í gegnum þessa miðla og í hvaða tilgangi. Farið er ítarlega ofan í kjölin á því hvernig er að vera unglingsmaður í dag og hversu stór hluti af sjálfsmynd unglingsins verður til á samfélagsmiðlum. Farið er í hvað hægt sé að gera og hvernig er hægt að ræða þessa hluti í skólanum og heima án þess að það springi allt í loft upp. Óli Örn hefur unnið náið með unglingsmennum undanfarið 8 ár í félagsmiðstöð og þekkir vel hvernig unglingsmenn nota netið og snjalltækin.

- 8. bekkur, eftir áramót

Útmeða. – Með slagorðinu Útmeða eru ungir karlmenn hvattir til að setja tilfinningar sínar í orð til að stuðla að því að hafna ekki í tilfinningalegu öngstræti með ófyrirséðum afleiðingum. Hanna Ólafsdóttir og Anna Ólafsdóttir frá Rauða krossinum sjá um fræðsluna.

- 9. og 10. bekkur

Hjálparsími Rauða krossins:

- Unglingadeild

Sigga Dögg – Markmiðið með heimsókn Siggú Dögg er að fá góða nútíma kynfræðslu fyrir nemendur. Hún nálgast viðfangsefnið með öðruvísi hætti en flestir og nemendur fá tækifæri til að spyrja spurninga. Fræðslan er kynjaskipt og fer fram í Klakanum.

Ástráður: Læknanemar koma einu sinni yfir veturinn og ræða við nemendur í unglingsdeild um kynheilbrigði, kynsjúkdóma o.fl. Markmiðið er að fækka kynsjúkdómum og ótímabærum þungunum.

- 10. bekkur

Verum ástfangin af lífinu: Þorgrímur Þráinsson kemur og ræðir við nemendur í 10. bekk um jákvæða ímynd og framtíðarplön.

- 10. bekkur

Fræðsla frá VR: Markmiðið er að kynna fyrir nemendum helstu réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Fjallað er um grunnhugtök í kjaramálum eins og kjarasamninga, starfsmann, vinnutíma, launaseðla, veikindarétt og hvíldartíma svo eitthvað sé nefnt. Fræðslan hefur forvarnargildi þar sem mikið er um að brotið sé á ungu fólki og hefur hún gefið mjög góða raun

- 10. bekkur

Stafrænt kynferðisofbeldi - Nemendur munu sjá stuttmyndina *Myndin af mér* sem hefur það markmið að vekja athygli á svokölluðu stafrænu kynferðisofbeldi, skýra mörkin milli kynlífs og ofbeldis ásamt því að leggja áherslu á samþykki og ábyrgð í öllum nánnum samskiptum, hvort sem þau gerast í netheimum eða raunheimum.

- 8. bekkur í lífsleikni

Örugg saman - farið verður yfir námsefnið Örugg saman í lífsleikni með nemendum í 9. bekk. Námsefnið fjallar um heilbrigð samskipti og er hugsað sem forvarnarefni gegn andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi í samböndum unglings.

- 9. bekkur – haust 2019.

Hinseginleikinn - Hinseginleikinn er fræðsluvettvangur sem hófst á Snapchat, en þróaðist síðar yfir í vefþáttaseríu á Rúv núll og er nú haldið úti á Instagram, þar sem fólk fær að skyggast inn í líf hinseginfólks hér á landi. Tilgangurinn er að opna umræðu og aftabúvæða alls kyns hugmyndir um hvað það er að vera hinsegin. Áhorfendur eiga kost á að spyrja spurninga, þar sem ýmsir gestir taka reglulega yfir Instagrammið og segja sína sögu. Stofnendur Hinseginleikans María Rut og Ingileif koma og fræða nemendur um skaðsemi skaðalímynda og mikilvægi fyrirmynda þegar það kemur að hinseginveruleika. Mikilvægt er að fræða ungmenni um hinseginleikann og afrugla allar þær mýtur sem hafa fengið að grassera alltof lengi.

- Uppbrotsdagur í unglingsdeild föstudaginn 20. mars

Jákvæð líkamsímynd – Erna Kristín guðfræðingur og talskona fyrir jákvæða líkamsímynd kemur og fer yfir líkamsvirðingu, sjálfsmyndina, óraunhæfar staðalímyndir og skrefin sem færa okkur nær jákvæðri líkamsímynd. Markmiðið er að veita unglingunum verkfæri til að takast á við neikvæða líkamsímynd, óraunhæfar staðalímyndir og læra að endurforrita á okkur hugann með breyttu viðhorfi til líkama okkar eins og hann lítur út, hér og nú.

Erna gaf út bókina Fullkomlega Ófullkomin árið 2018 en bókin er hvatningarbók fyrir konur & er ætlunin að efla konur á öllum aldri að taka skrefið í átt að líkamsvirðingu.

- Uppbrotsdagur í unglingsdeild föstudagurinn 20. mars

Fræðsla og forvarnir á vegum hjúkrunarfræðings skólans

Kynheilbrigði

- 9. og 10. bekkur – vor

Hugrekki

- 8. bekkur – vor

Líkamsímynd

- 8. bekkur – vor

Ábyrgð á eigin heilsu

- 10. bekkur - vor

Miðstig:

Fokk me fokk you - Markmiðið með heimsókn þeirra er að fá góða nútíma kynfræðslu fyrir nemendur. Fjallað verður um samfélagsmiðla, sjálfsmynd og samskipti kynjanna.

- 7. bekkur

SAFT – Jákvæð og örugg netnotkun barna og unglunga. Fræðsluerindi þar sem farið er yfir einkenni tælingarmála og hvað beri að varast í samskiptum við ókunnuga, hvað sé hægt að gera ef grunur vaknar um tilraun til tælingar og hvert sé hægt að leita. Eins fá nemendur fræðslu um meðferð persónuupplýsinga, alvarleika rafræns eineltis og óvarlegra samskipta og myndbirtinga á netinu, farið verður yfir slæm áhrif ofnotkunar á tölvum og neti auk þess sem hvatt er til jákvæðrar og ábyrgðar netnotkunar.

- 5. og 6. bekkur, eftir áramót.
- Foreldrafræðsla

Fræðsla og forvarnir á vegum hjúkrunarfræðings skólans

Hamingja/samskipti

- 5. bekkur – haust

Kynþroskinn

- 6. bekkur – haust

Endurlífgun

- 6. bekkur - haust

Yngsta stig

„Leyndarmálið – segðu nei – segðu frá“: Sýna teiknimyndina „Leyndarmálið – segðu nei – segðu frá“. Myndin fjallar um muninn á slæmu og góðu leyndarmáli. Fræðsla um mörk, einkastaði og leyndarmál.

- 3. bekkur
- Vor 2020.

Fræðsla á vegum Velferðarráðuneytisins: Starfsmenn á vegum Velferðarráðuneytisins og Barnaverndar sýna brúðuleikhúsið Krakkarnir í hverfinu fyrir 2. bekk sem ætluð er til að auðvelda börnum að segja frá kynferðisofbeldi sem þau verða fyrir.

- 2. bekkur

Fræðsla og forvarnir á vegum hjúkrunarfræðings skólans

Kvíðafræðsla

- 4. bekkur – haust

Líkaminn minn

- 1. bekkur – vor

Slysavarnir

- 4. bekkur – vor

Tilfinningar

- 2. bekkur - vor